

Titill áfanga: Galdur og galdrabókmenntir

Nafn áfanga: ÍSLE3CG05

Námsgrein: Íslenska

Viðfangsefni: Galdrabókmenntir

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: ÍSLE2BB/ÍSLEAB10

Lýsing á efni áfangans:

Galdur og galdraathafnir eru á vissan hátt þekkingar- og sjálfsbjargarviðleitni til að hafa áhrif á umhverfið sitt og aðstæður. Galdur er tímalaust fyrirbæri og má með sanni segja að hann sé til og hafi alltaf verið til. Á meðan þekkingarleit og sköpunarþrá mannsins er til staðar þá eru galdrar til.

Hugtakið galdur hefur verið nátengt trúarbrögðum og vísindum en einnig ritlist og skáldskap. Fjallað verður um galdur í menningarsögu Vesturlanda allt frá fornum tíma fram á okkar daga. Rakin verða galddramál á Íslandi og erlendis, nornaveiðar og galdrabrennur.

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtakinu galdur og birtingarmynd galdurs í bókmenntum og listum.
- hvernig og af hverju galdri er beitt í fjölbreyttum bókmenntatextum.
- hvernig fjallað er um ýmis galddramál og galdraofsóknir í víðum skilningi og á 17. öldinni á Íslandi.

Leikniviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla þekkingu sinni á þeim viðfangsefnum sem til umræðu eru með mismunandi aðferðum.
- taka þátt í umræðu um lesefnið og færa rök fyrir máli sínu.
- koma þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið virkan þátt í umræðu um efni áfangans, lagt til umræðuefni, fært rök fyrir máli sínu, tekið gagnrýni og gagnrýnt aðra.
- geta vísað í ákveðið lesefni og rökstutt hvers vegna og hvernig galdur og hugtakið galdur er þar sett fram.
- geta lesið fræðilegt efni um galdur í Hávamálum, Íslendingasögum, bókum um galdraöld og fl. sér til gagns.

Námsmat:

Ekkert lokapróf er í áfanganum, krafist er mætingar, virkrar þátttöku og verkefnaskila.